



## Enska 10. bekkur

Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum/kennari	Leiðir að hæfniviðmiðum/nemandi	Námsmat
<p><b>Að nemendur:</b> <i>Hlustun</i> Geti fyrirhafnarlítið tileinkað sér talað mál um margvísleg málefni í kunnuglegum aðstæðu Geti fylgst með og skilið almennt talað mál manna á milli. Geti skilið talað mál í útvarpi og sjónvarpi þegar talað eru efni sem hæfir aldri þeirra og áhugamálum. Geti skilið einfaldan fréttáflutning og tilkynningar á ensku.</p>	<p>Hlustunarefni tengt námsefni og áhugasviði nemenda. Vera með úrval hlustunarefnis s.s. efni tengt kennslubókum, tónlist, kvikmyndir og smásögur.</p>	<p>Nemendur hlusta á mismunandi textagerðir og algengustu afbrigði máls eftir málsvæðum.</p>	<p>Hlustunarverkefni og próf.</p>
<p><i>Lesskilningur</i> Geti lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga með þó nokkuð flóknum orðaforða. Geti lesið rauntexa t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum og greint aðalatriði frá aukaatriðum. Geti lesið sér til gagns og ánægju t.d. smásögur og skáldsögur og myndað sér skoðanir á efni þeirra.</p>	<p>Kennari er með enskar skáldsögur og smásögur sem henta aldri og áhugasviði nemenda. Kennari sér til þess að nemendur hafi aðgang að enskum fjölmiðlum.</p>	<p>Nemendur lesa stuttar skáldsögur, texta í kennslubókum, lesefni í fjölmiðlum og texta tengda unglíngamenningu. Unnið verður með textana á sem fjölbreyttastan hátt, s.s. í paravinnu, hópvinnu, hringekju, einstaklingsvinnu og stöðvavinnu.</p>	<p>Lesskilningsverkefni og próf, kjörbókarlestur og endursögn. Próf sem fylgja kennslubókum.</p>
<p><i>Samskipti</i> Getur sýnt fram á að hann sé samræðuhæfur á ensku um</p>	<p>Kennari er með undirbúnar og óundirbúnar talæfingar; para- og</p>	<p>Nemendur segja frá og lýsa atburðum og athöfnum.</p>	<p>Munnleg próf og kynningar.</p>



<p>kunnugleg málefni, beitir nokkuð réttu máli, skýrum framburði og notar föst orðasambönd úr daglegu máli.</p> <p>Kunna að beita viðeigandi kurteis- og samskiptavenjum.</p> <p>Geti tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn og spjalli um efni tengdu áhugamálum og aldri.</p> <p>Geti tekið þátt í skoðanaskiptum og færð einföld rök fyrir máli sínu á ensku.</p> <p>Geti tekið á móti og miðlað upplýsingum á ensku</p>	<p>hópavinna.</p>	<p>Nemendur eru virkir þátttakendur í umræðum sem tengjast námsefni og spjalli um atburði líðandi stundar.</p>	
<p><i>Frásögn</i></p> <p>Geti tjáð sig áheyrilega um málefni sem hann þekkir, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar reglur um málnotkun, framburð, áherslur og orðaval.</p> <p>Geti tjáð sig skipulega á ensku með undirbúið eða óundirbúið efni.</p> <p>Geti flutt stutta frásögn eða kynningu á ensku, blaðalaust og af nokkru öryggi.</p>	<p>Kennari sér til að allir nemendur fái æfingu í að tala ensku með því að vera með verkefni sem krefst þess að nemendur tjái sig munnlega.</p>	<p>Nemendur æfa sig með því að vera virkir þátttakendur í talæfingum og með því að lesa texta upphátt í einrúmi og með áheyrendur.</p> <p>Nemendur flytja kynningar tengdar námsefni fyrir samnemendur og/eða kennara.</p>	<p>Munnleg próf, kynningar, upplestur og endursögn.</p>
<p><i>Ritun</i></p> <p>Geti skrifað lipran samfellan texta um efni sem hann hefur áhuga á og sýnt fram á góð tök á orðaforða og meginreglum málnotkunar.</p> <p>Geti skrifað samfelldan texta á viðeigandi máli um kunnugt efni og getur fylgt helstu hefðum</p>	<p>Kennari fylgir námsbókum eftir með því að leiðrétta ritunaræfingar nemenda.</p> <p>Kennari sér til þess að nemendur fái fjölbreytt stafsetningar- og ritunarverkefni.</p> <p>Kennari hvetur nemendur</p>	<p>Nemendur rita texta samkvæmt fyriræfingum kennara og kennslubóka og fá leiðbeiningar frá kennara um það sem fara má betur.</p> <p>Nemendur æfa stafsetningu með sóknarskrift.</p>	<p>Kaflapróf úr kennslubókum, vinnubók og málfræði og ritunarefni tengd námsefni</p> <p>Margskonar einstaklings-, para- og hópavinna sem metin er af kennara og nemendum sjálfum í formi jafninga- og sjálfsmats</p>



<p>varðandi uppbyggingu, þ.e. inngang, meginmál og niðurlag.</p> <p>Geti á ensku tjáð skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu á einfaldan hátt.</p> <p>Geti ritað á nokkuð hnökralausu máli algengustu orð og orðasambönd enskrar tungu .</p>	<p>gagnrýnnar hugsunar og krefst þess af nemendum að þeir geti rökstutt mál sitt í ræðu og riti.</p>		
<p><i>Menningarlæsi</i></p> <p>Þekki vel til mannlífs og menningar enskumælandi landsvæða og gerir sér grein fyrir fjölbreyttum uppruna þegnanna, takmörkunum staðalímynda og áhrifum fordóma</p> <p>Þekki nokkuð til innri samfélagsgerðar enskumælandi þjóða og hvað það er sem einkennir þjóðfélagið.</p> <p>Viti hvað lönd hafa enska tungu sem móðurmál og getur bent á þau á landakorti.</p>	<p>Nemendur lesa texta, skoða kort og sjá myndbönd um enskumælandi þjóðir og landsvæði.</p> <p>Samþætting ensku og samfélagsfræði.</p> <p>Nemendur vinna verkefni í samfélagsfræði á ensku</p>		
<p><i>Námshæfni</i></p> <p>Geti sett sér raunhæf markmið, skipulagt nám sitt og lagt mat á eigin stöðu og námsframvindu.</p> <p>Geti beitt margvíslegum námsaðferðum sem koma að gagni í náminu.</p> <p>Geti unnið sjálfstætt , með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja.</p> <p>Kunni að nýta sér hjálpartæki s.s.</p>	<p>Kennari leiðbeinir nemendum við notkun leiðréttingaforrita og leitarvéla.</p> <p>Kennari leiðbeinir nemendum við jafningjamat og sjálfsmat.</p>		



orðabækur , veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarforrit. Geti beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati.			
---	--	--	--